

Hafnarfirði, 3. febrúar 2022

Minnisblað fyrir fjölskylduráðsfund 04.02.2022

Upplýsingar um Virkni- og atvinnuúrræði Hafnarfjarðar og önnur atvinnuúrræði sem sveitarfélagið hefur tekið þátt í síðustu misseri.

Virgni- og atvinnuúrræði

Tölfræðiupplýsingar eru frá byrjun nóvember 2020 þegar virkniráðgjafi hóf störf.

- 96 einstaklingar þáðu boð um úrræðið
 - 82 frá Ráðgjafateymi
 - 15 frá Stoðdeild umsækjanda um alþjóðlega vernd
- 29 opin mál í dag.
- 7 í starfi með atvinnustyrk
 - 64% allra mála lokið
- Ástæða þess að málin voru lokuð:
 - 5 hafa flutt úr sveitarfélaginu
 - 10 óvinnufærir (kom í ljós þegar farið er að vinna með þeim að þau eru ekki vinnufær. Hafa þá farið í Virk eða önnur úrræði)
 - 9 með bótarétt hjá VMST (Allir hafa áður unnið í gegnum okkur).
 - 21 hafa fengið vinnu (7 af þeim fengu áframhaldandi vinnu eftir atvinnustyrk).
 - 15 aðrar ástæður lokunar (hætt að sækja um fjárhagsaðstoð, ástæða óþekkt)
- 25 hafa farið í vinnu með atvinnustyrk.
 - Aðeins 2 komið aftur á fjárhagsaðstoð eftir að hafa fengið vinnu með atvinnustyrk.

Árið 2021 var sú ákvörðun tekin að bjóða skjólstaðingum úrræðisins á atvinnuleitar námskeið. Var annars vegar á námskeiðið Vinnusmiðjan sem Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar stendur fyrir og hins vegar Atvinnuleit frá A-Ö sem HH ráðgjöf stendur fyrir. Í kjölfarið varð meiri hreyfingu á skjólstaðingum úrræðisins og fleiri voru að finna sér vinnu. Vegna góðs gengis hafa fleiri fengið tilboð um að taka þátt í námskeiðinu. Í dag fara allir sem koma í úrræðið á námskeið.

Litið til framtíðar

Markmið næstu mánaða er að nýta þau námskeið sem eru í boði enn meira. Farið verður af stað með að skoða sjálfstyrkingar og hvatninga námskeið sem koma til með að nýtast skjólstaðingum í atvinnuleit. VMST er með langa og góða reynslu af námskeiðum sem nýtast þessum hópi.

Önnur atvinnuátök sem sveitarfélagið hefur tekið þátt í.

Síðustu 2 ár hefur VMST staðið að átaksverkefnum sem sveitarfélagið hefur tekið þátt í með góðum árangri. Óvíst er hvort þau standi til boða á þessu ári.

Hefjum störf

Sveitarfélagið tók þátt í Hefjum störf, atvinnuátaki Vinnumálastofnunar árið 2021. Áhugi fyrir verkefninu var mikill og var reynt að kynna það fyrir öllum stjórnendum. Mikið var spurt um þetta og það stefndi í að hátt í 50 störf hefðu verið í boði hjá starfsstöðvum. Farið var af stað í apríl á síðasta ári og fyrstu starfsmennirnir tóku til starfa í byrjun maí. Þegar verkefnið fór í almenna auglýsingu í fjölmiðlum má segja að sprenging hafði orðið í ásókn í verkefnið hjá vinnumarkaðinum. Mikið álag var hjá Vinnumálastofnun og svartími lengdist. Ferlið gat tekið allt að mánuð sem olli ákveðinni óánægju hjá stjórnendum. Mörg störfín dattu upp fyrir vegna þessa. Á endanum var viðauki fyrir 25 störfum samþykktur en í heildina var aðeins ráðið inn 15 starfsmenn.

Þrátt fyrir þessa erfiðleika var í lang flestum tilfellum mikil ánægja með þá starfsmenn sem ráðnir voru. Að minnsta kosti 4 hafa fengið áframhaldandi starf hjá sveitarfélaginu.

Sumarstörf námsmanna

Síðasta sumar tók sveitarfélagið þátt í sumarstörfum námsmanna á vegum Vinnumálastofnunar. Verkefnið heppnaðist mjög vel og þátttakan var góð. Hafnarfjarðarbær fékk 88 ráðningaheimildir sem voru allar nýttar.

- 131 námsmenn sóttu um.
- Umsóknir með 45 verkefnum með samtals 100 störfum bárust frá starfsstöðvum bæjarins.
- 59 starfsmenn voru ráðnir í 30 verkefni. Sem dreifðust á öll svið nema fjármálasvið.
- Restin var nýtt til að efla Vinnuskólann.

Atvinnuleysi í Hafnarfirði

Atvinnuleysi landið allt

4,9%

Atvinnuleysi í Hafnarfirði


4,2%

Fjöldi atvinnulausra í Hafnarfirði


Alls	Karlar	Konur
------	--------	-------

730	436	294
-----	-----	-----

* Tölur fyrir desembermánuð




*Tölur fyrir nóvembermánuð




*Tölur fyrir nóvembermánuð




HAFNARFJÖRÐUR



*Tölur fyrir nóvembermánuð



*Tölur fyrir nóvembermánuð



*Tölur fyrir nóvembermánuð

Brynjar Örn Svavarsson,

Virkniráðgjafi fjölskyldu- og barnamálasviði